

Ed.

245. Nefndarálit

um frv. til l. um framkvæmd á IV. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað álits Tryggingarstofnunar ríkisins um það. Samkvæmt skýrslum þeim, sem úthlutun ellilauna og örorkubóta fyrir 1942 er byggð á, ættu að vera til úthlutunar samkv. frumvarpinu ca. 18,64 millj. króna, og svarar það til, að 62,2% af öllum gamalmönnum og öryrkjum gætu fengið fullan lífeyri. Er þá miðað við tekjur Lífeyrissjóðs Íslands árið 1942 og vísitöluna 272

Tryggingarstofnunin telur vafamál, hvort tekjur Lífeyrissjóðs samkv. frumv. mundu nægja til þess að standa við skuldbindingar hans samkv. frv. án þess að grípa þyrfti til höfuðstólsins, ef frádráttarreglur IV. kafla alþýðutryggingalaganna yrðu látnar gilda áfram óbreyttar.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að Alþingi geri ráðstafanir til að færa elli- og örorkutryggingarnar í það horf, sem felst í meginsjónarmiðum frumvarpsins, en telur, að jafnframt þurfi að gera frekari breytingar á þessari grein trygginganna. M. a. þurfi að endurskoða frádráttarreglur IV. kafla alþýðutryggingalaganna og jafnframt að taka til athugunar, hvaða breytingar þurfi að gera á framfærsluskyldu aðstandenda og hvernig hægt væri að gera fyrirkomulag hennar haganlegra og meira í samræmi við þær aðstæður, sem skapað hafa á síðari árum.

Ríkisstjórnin hefur nú tilkynnt, að hún hafi ákveðið að láta endurskoða lög in um alþýðutryggingar. Er þess að vænta, að þeirri endurskoðun verði lokið það snemma, að Alþingi geti afgreitt málið til fullnustu á þessu ári. Nefndin hefur því crðið sammála um að leggja til, að ofangreind endurskoðun á elli- og örorkutryggingunum verði lätin fara fram í sambandi við þá heildarendurskoðun á lögunum, sem stjórnin hefur í hyggju að láta gera, enda þótt flutningsm. (BrB) vilji taka það fram, að hann hefði talið æskilegra, ef þess hefði verið kostur, að frumv. yrði samþ. nú með nokkrum nauðsynlegum breytingum, og þannig fengin nokkur reynsla um framkvæmd þess, áður en frekari endurskoðun á IV. kafla alþýðutryggingalaganna yrði lätin fram fara.

Samkvæmt ofansögðu leggur nefndin því til, að frumv. verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða IV. kafla laga um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, í sambandi við þá heildarendurskoðun laganna, sem hún hefur í hyggju að láta fram fara, og að elli- og örorkutryggingarnar verði þá jafnframt færðar í það horf, sem felst í meginsjónarmiðum frumv. á þingskj. 78, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Reykjavík, 20. jan. 1943.

Bjarni Benediktsson,
form.

Guðm. Í. Guðmundsson,
fundaskr.

Brynj. Bjarnason,
frsm.

Hermann Jónasson. Lárus Jóhannesson.